

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, A- og B-gata úr Norðurkotslandi, frístundabyggð, lega lóða og aðkoma.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til A- og B-gatna frístundasvæðis í Norðurkotslandi eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst breytt lega lóða og byggingarreita innan svæðisins í takt við mælingar af svæðinu auk þess sem tekið er til aðkomumála á svæðinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. júní 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. júlí 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 17. júlí 2025